

# Reglugerð um félagaskipti

1.gr.

Leiktíð er frá 15. september til 15. maí

2.gr.

Þegar leikmaður skiptir um félag skal hann leggja fram fullgild félagaskipti, þ.e. ritaða yfirlýsingu um félagaskipti sín, skriflegt samþykki gamla félagsins sem jafnframt vottar að leikmaður sé skuldlaus við það, og staðfestingargjald kr. 5.000 sem greiðist til BLÍ (sjá þó 6.gr.).

3.gr.

Fullgild félagaskipti, móttekin á skrifstofu BLÍ á skrifstofutíma (virka daga frá kl. 8 til 16), frá 15. maí til 15. október ár hvert, taka gildi um leið og framkvæmdastjóri eða formaður BLÍ hefur samþykkt þau sbr. starfsreglur vegna félagaskipta.

4.gr.

Félagaskipti sem lögð eru fram á skrifstofutíma eftir 15. október ár hvert taka gildi tveimur vikum eftir móttöku þeirra, að því tilskyldu að framkvæmdastjóri eða formaður BLÍ hafi samþykkt þau sbr. starfsreglur vegna félagaskipta (sjá þó 6.gr.).

5.gr

Félagaskipti sem lögð eru fram á skrifstofutíma eftir 15. febrúar ár hvert taka ekki gildi fyrr en 15. maí að því tilskyldu að framkvæmdastjóri eða formaður BLÍ hafi samþykkt þau sbr. starfsreglur vegna félagaskipta (sjá þó 6.gr.).

6.gr.

Hafi leikmaður ekki leikið með félagi sínu í eitt ár, telst hann hlutgengur með nýju félagi um leið og fullgild félagaskipti hafa verið móttekin og samþykkt af framkvæmdastjóra eða formanni BLÍ sbr. starfsreglur vegna félagaskipta. Hafi félag leikmanns verið lagt niður, þarf ekki skriflegt samþykki gamla félagsins um félagaskipti en önnur ákvæði 2.gr. skulu vera uppfyllt.

7.gr.

Leikmanni er aðeins heimilt að skipta um félag tvisvar á hverri leiktíð og jafnframt er leikmaður einungis gjaldgengur með einu liði í Bikarkeppni BLÍ á hverri leiktíð.

# Starfsreglur stjórnar vegna félagaskipta

1.gr.

Sá tími sem þarf að líða frá yfirlýsingu um félagaskipti þar til leikmaður telst löglegur með nýju félagi er talinn frá móttöku fullgildra félagaskipta skv. 2. og 4.gr. reglugerðar um félagaskipti.

2.gr.

Móttaka skjala vegna félagaskipta telst gild þegar framkvæmdastjóri eða formaður BLÍ vottar hana skriflega.

3.gr.

Félagaskipti taka ekki gildi fyrr en yfirlýsing um skiptin, staðfestingargjald og samþykki gamla félagsins hafa verið móttokin (sjá þó 6.gr. reglugerðar).

4.gr.

Framkvæmdastjóra eða formanni BLÍ er heimilt að samþykkja félagaskipti þegar yfirlýsing leikmanns, staðfestingargjald og samþykki gamla félagsins er móttakið samkvæmt reglum um móttöku skjala skv. 2. gr. reglugerðar um félagaskipti. Framkvæmdarstjóra eða formanni BLÍ er ekki heimilt að taka á móti félagaskiptum liðs sem þeir spila með, þjálfar, starfa hjá með öðrum hætti eða sitja í stjórn hjá. Í slíkum tilfellum skulu þeir leita til annarra stjórnarmeðlima með að staðfesta félagaskiptin.

5.gr.

Rísi upp ágreiningur um félagaskipti skal skjóta málinu til stjórnar BLÍ til úrlausnar. Sé slíkur ágreiningur, er sá tími sem þarf að líða frá frá yfirlýsingu um félagaskipti þar til leikmaður telst löglegur með nýju félagi talinn frá því að málinu er skotið til stjórnar. Leikmaður verður þó aldrei löglegur fyrr en að stjórn hefur úrskurðað í málinu og félagaskiptin hafa verið samþykkt. Sé skeyti sent BLÍ, gilda sömu reglur um móttöku þess og um móttöku annarra skjala.

*Samþykkt á 43. ársþingi BLÍ, 2015*